

Fundur SKRR þann 21. Sept. 2015

ÍSí fundarsalur C, Engjavegi 6 Reykjavík

Fundur settur: kl. 17.30

Mættir: Benedikt Geirsson (formaður), Runólfur Geir Benediktsson (Fram), Guðmundur Símonarson (Víkingi), Hallgrímur Davíð Björnsson (Breiðablik), Kristinn Kristinsson (Ármann), Auðunn Kristinsson (ÍR), Kári Elíasson (Ármann), Ari Wendel (Ullur), Stefanía Williams (Ármann) og Sigrún Inga Kristinsdóttir (ÍR).

Fundaritari: Runólfur Geir Benediktsson

Dagskráliðir:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð án breytinga.

2. Skíðalið Reykjavíkur og Breiðabliks

- Samningaviðræður eru í gangi við þjálfara fyrir skíðaliðið og ljóst er að eitthvað vantar upp á tekjur skíðaliðsins m.v. rekstrarforsendur eins og þær líta út fyrir að vera núna. Helsta ástæðan fyrir þessum mismun er sú að iðkendur eru færri en vonast var til í upphafi og tekjur því einnig lægri. Gert var ráð fyrir 13-14 iðkendum en nú lítur út fyrir að þeir verða nær 11.
- Það er mat stjórnar skíðaliðsins að ekki sé hægt að ganga lengra í kostnaðarhagræðingu og því þarf að leysa þetta með hærri tekjum. Það er annað hvort að sækja styrki eða hækka iðkendamjöld.
- M.v. núverandi forsendur þá er árlegur kostnaður um 3,5 m.kr. en tekjur um 3,1m.kr. Það vantar því um 400.000 kr.
- Það er spurning hvort að SKRR reyni að afla styrkja og auglýsinga fyrir þessari upphæð. Það væri e.t.v. hægt að selja auglýsingar á fasteignir/búnað á skíðasvæðunum. Það þarf að senda formlegt erindi fá SKRR til stjórnar skíðasvæðanna til að fá það staðfest að ráðið getur selt auglýsingar á skíðasvæðið sem hægt er að nota í rekstur SKRR.
- Formaður mun kynna sér hvernig þessum auglýsinga málum er háttað í öðrum íþróttagreinum t.d. fótbolta og handbolta. Við getum e.t.v. notað sama fyrirkomulag og notað er annars staðar ef það er talið henta.
- SKRR samþykkir það að stjórnendum skíðaliðsins sé heimilt að klára samningaviðræður við þjálfara með fullvissu um það að aðilar SKRR og Breiðablik og séu meðvitaðir um að auka þurfi tekjur til að reksturinn standi undir sér. Leitað verður leiða á næstu vikum og mánuðum til að auka tekjur skíðaliðsins.
- Samstarfssamninginn gildir til næsta árs og því þarf að fara að huga að framlengingu á samningnum.

3. Aðalfundur SKRR

- Fundurinn verður haldinn mánudaginn 12. október kl. 20.00 hjá ÍSí í Laugardal. Aðalfundurinn verður auglýstur á heimasíðu SKRR (Gísli Reynisson).
- Formenn félaganna þurfa að senda skýrslu félaganna til formanns SKRR fyrir fundinn.

- Félög þurfa að ákveða fyrir aðalfundinn hvaða fulltrúa þau tilnefna til stjórnarsetu í SKRR, einnig þarf að tilnefna aðila í mótanefnd.

4. Mótahald

- Drög að mótaskrá liggur fyrir frá SKÍ
 - o Alpagreinar
 - SKRR hefur fengið úthlutað móti 23-24. janúar fyrir 16 ára og eldri. Verður hluti af Reykjavík International Games (RIG). 1xSL og 1xGS.
 - SKRR hefur einnig fengið úthlutað Skíðamóti Íslands (16 ára og eldri) 1.-3. apríl.
 - SKRR er með athugasemd hvort að hægt sé að halda SMÍ og Atomic Cup fyrr á árinu og helst fyrir páska (t.d. í Dymbilvikunni). Þetta kemur til vegna þess að iðkendur sem eru í menntaskóla eru í síðustu kennsluvikunni fyrir próflestur í byrjun apríl. Það hefur valdið þessum iðkendum/nemendum vandræðum að mót séu haldin svona seint á árinu vegna prófundirbúnings.
 - Leggja það til að UMÍ og SMÍ verði svissað, SMÍ verði þá 18.-20. mars og UMÍ 1.-3. apríl. Einnig er lagt til að Atomic Cup verði fært til 22.-23. mars.
 - o Skíðaganga
 - Bikarmót í Reykjavík 12.-14. febrúar.
 - Skíðamót Íslands verður 1.-3. apríl og Bláfjallaganga verður haldið á sama tíma.
 - Það er álit SKRR að mótataflan er ansi afturþung en það á eftir að ræða töfluna betur áður en formlegar athugasemdir verða sendar á SKÍ.
 - o Mótataflan verður staðfest að formannafundi loknum.
 - o Athugasemdir þurfa að berast SKÍ fyrir 27. september.
- Reykjavík International Games
 - o Lagt er til að mótastjóri verði tilnefndur sem fyrst og formaður mun óska eftir því við Auðunn Kristinsson að hann taki þetta að sér. Auðunn stóð sig mjög vel með unglingameistaramótið fyrr á árinu og SKRR var samhljóða um að óska eftir hans starfskröftum aftur.
 - o Þegar búið er að skipa mótastjóra þá munum SKRR ásamt mótastjóra setja saman mótanefnd og tengilið við RIG stjórnendur.

5. Önnur mál

- Gjaldskrá fyrir skíðagöngumenn á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins
 - o Skíðagöngumenn eru ósáttir við það að ársgjald fyrir ársgjaldið fyrir þá er óhagstæðara en hjá skíða- og brettafólki. Það þarf að fara 20x á gönguskíði til að réttlæta árskort en það er undir 10x fyrir skíða- og brettafólk. Það mætti benda stjórnendum skíðasvæðanna á að jafna þennan mun, einnig mætti bjóða skíðagöngufólki afslátt ef keypt er fyrir áramót eins og er hjá skíða- og brettafólki.
- Keppnistreyjur/númer
 - o Taka þarf upp þráðinn varðandi að kaupa nýja númeraseríu upp í 200. Samkvæmt þeim tilboðum sem við fengum síðastliðinn vetur þá var

kostnaðurinn um 400.000 – 500.000 kr. Ekki var gengið frá kaupum í vetur þar sem enginn styrktaraðili fannst til að koma að kaupunum. Nú liggur fyrir að SKRR mun halda skíðamót Íslands og RIG mót og þarf því að ganga frá þessum kaupum fyrir janúar.

O Sigrún og formaður vinna í því að fá eitt nýtt tilboð að utan í þessa númeraseríu með það fyrir augum að hugsanlega lækka kostnaðinn frá fyrri tilboðum.

O Formaður mun hafa samband við Heklu og óska eftir því að þeir kaupi auglýsingu á keppnistreyjurnar. AUDI bílaframleiðandinn hefur verið duglegur að styrkja heimsbikarkeppnir og vonandi er einnig hægt að fá AUDI auglýsingu hérna heima.

- ÍTR óskaði eftir ábendingum um það sem betur mætti fara á skíðasvæðunum
 - O Margar ábendingar bárust og voru þær sendar áfram til Ómars hjá ÍBR. Þessar ábendingar voru sendar áfram á stjórnendur skíðasvæðanna.
 - O Nú stýttist í að haldinn verður fundur með ÍBR og skíðasvæðunum þar sem þessar ábendingar verða ræddar nánar.

Fundi var slitið kl. 19.30